



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 20. janúar 2021 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ), Markús Pétursson (MP), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JP), Jón Kristinn Þórssón (JK), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Tryggvi Jónsson (TJ).

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

Fundargerðir 22 og 23 samþykktar

2. Aðalfundur, skýrslur, skipulag og boðun

Ákveðið halda aðalfund 14. febrúar klukkan 14:00 og að hann verði fjarfundur. Fyrirtækið Outcome mun aðstoða við undirbúning og framkvæmd. Verið er að leggja lokahönd á skýrslu stjórnar. Þuríður Sigurjónsdóttir tilbúin að taka að sér fundarstjórn.

3. Fundargerðir stjórnar 2019 að skila sér

Fljótlega eftir að ný stjórn tók við fór gjaldkeri yfir fjármál fyrri stjórnar. Þegar ekki fundust fundargerðir þar sem heimildir voru veittar fyrir fjárútlátum var sendur póstur á fyrri stjórn og óskað eftir þeim. Mánuði síðar höfðu fundargerðir ekki borist og var þá haft samband við ÍBH. Daginn eftir að ÍBH hafði samband við fyrri stjórn bárust fundargerðirnar.

Endurskoðendur reikninga studdust ekki við fundargerðir.

4. Skýjaborgarmál

Fyrri stjórn eyddi töluverðum fjárhæðum í efniskaup til að gera upp bátinn Skýjaborgin sem núverandi stjórn er enn óljóst hver á. Ákveðið að leita álits hjá ÍBH um það hvort svona starfshættir teljist ámælisverðir.

5. Ábendingarformin

Engin.

6. Taka fyrir bréf Gunnars Geirs Haldórsonar frá 12. jan

Innihald bréfs Gunnars Geirs:

Málefni 1: Viðhald á Skeglu og Þernu kjölbátum Þyts.

Þar sem ég veit er að félagsmenn eru ekki sáttir að hafa ekki fengið að byrja á viðhaldi á secret bátum Þyts árið 2020. Því verð ég bara að senda ykkur bréf því ekki vil formaður svara mér. Varð það stjórn eða tók formaður einn þess ákvörðun? Þar sem fólk er viðkvæmt að ræða vandamál kjölbátdeild á Þyts-kjölbátar ber ég þetta bréf upp hér og óska svara. Ef það var stjórn sem tók þess ákvörðun vil ég fá greinagrein hvað stóð á bak við hana en ef formaður gerði það án þess að tala við stjórn þarf stjórn að lýsa yfir vantrausti á formanninn því það er öll stjórnin sem fer með mál Þyts.

Málefni 2: Kænur í porti.



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Ég spyr hvers vegna bátar(kænur) félagsins séu geymdar undir berum himni að vetri en ekki inn í gámum eins og til stóð. Til að varðveit þær fyrir sól og rigningu hvað þá fyrir frosti eftir rigningu.

Svar stjórnar:

Málefni 1

Stjórn hefur á engann hátt staðið í vegi fyrir því að félagsmenn sinni viðhaldi á eigum félagsins í sjálfboðavinnu. Það er afstaða stjórnar að fullorðinsstarf félagsins standi undir sér fjárhagslega. Það komu tekjur inn á bátana vegna sex námskeiða sem haldin voru síðast liðið sumar. Rætt hefur verið um að fjárfesta í tveim belgseglum og minni fokku fyrir Secret 26 bátana. Til stendur að botnmála báða bátana í apríl og að sjálfsögðu sinna því viðhaldi sem þarf til að halda bátunum siglingarhæfum. Það er alveg ljóst að kominn er tími á heildar yfirhalingu á báðum Secret bátunum. En það þarf að afla peninganna fyrst. Það gekk vel að fylla þau námskeið sem haldin voru síðasta sumar og var mikil eftirspurn. Það er því æskilegt að fleiri komi að kennslu á kjölbátanámskeiðum Pyts næsta sumar svo hægt verði að halda úti námskeiðum allt sumarið og afla þannig fjármuna til viðhalds á bátunum næsta vetur. Áhersla stjórnar hefur verið að nýta krafta félagsmanna til viðhalds á kajökum og árabátum félagsins. Einnig liggur fyrir að viðgerðin á öryggisbátnum sem skemmdist var ekki fullnægjandi og þarf að setja nýja pulsu á bátinn. Þessar áherslur eru vegna þess að helstu kynningar á starfinu og stærsta fjáröflun félagsins hvílir á þessum bátum.

Málefni 2

Gámageymslan hentar engan veginn nema sem langtímageymsla fyrir kænur félagsins. Það er ekki á færi nema fullorðinna að ná kænunum út og eru hurðir geymslunnar flestar ónothæfar. Það er markmið stjórnar að standa fyrir starfi allt árið fyrir aldurshópin 10 til 18 ára. Því þurfa kænur félagsins að vera aðgengilegar þegar viðrar til siglinga. Vel er fylgst með kænunum og passað að ekki sitji vatn inni í bátunum né í mastursfótum þegar frystir.

7. Skútan Stjarnan er til sölu.

Eigendur hafa spurt hvort Pytur hafi áhuga á að kaupa skútuna. MP og TJ falið að verðmeta hana.

8. Önnur mál

Sundhöll Hafnarfjarðar rukkar 30 þúsund fyrir leigu svo hægt sé að fara með æfingahópin í köfunarferð. Samþykkt

MP óskar eftir stuðning til þess að 1. stigið í þjálfaramenntun ÍSí. Fyrsta stigið kostar 34 þúsund og byrjar 1. febrúar. Samþykkt

Farið yfir gæðakröfur þjónustusamnings milli Íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar. Gæta þarf sérstaklega að fjárhagsbókhalld barna- og fullorðinsstarfs sé aðskilið.

Vel tekið í að Unnar Már kanni hvort umboðsaðilar siglingatækja á Íslandi vilji styrkja Pyt. Plotter/dýptarmælir eins og Raymarine Element með sjö tommu skjá mundi henta vel á Secret bátana. Pytur getur boðið styrktaraðilum auglýsingapláss.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stóri gæslubáturinn kominn á þurrt. Startari og gangtruflanir uppfyrir 2000 snúning. Þarf að fara með til Suzuki í yfihalningu. Samþykkt.

Næsti stjórnarfundur boðaður fljótlega.

Fundi slitið klukkan 22:43